

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 23. maí 2024 í máli nr. 127/2023

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 20. nóvember 2023 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á greiðslu sem innt var af hendi til varnaraðila vegna fyrirhugaðrar leigu á bifreið í eigu varnaraðila að fjárhæð 105.366 krónur, auk dráttarvaxta. Þá krefst sóknaraðili 75.000 króna úr hendi varnaraðila vegna vinnu hans við mál þetta.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubréfi, dags. 19. desember 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með ábyrgðarbréfi þann 8. febrúar 2024, sem mótttekið var f.h. varnaraðila degi síðar. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru, auk kvörtunar, afrit af bókunarstaðfestingu vegna leigu á bifreiðinni og staðfesting á greiðslu sem og afrit af skriflegum samskiptum aðila.

Með bréfi, dags. 22. maí 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Aðilar sömdu um leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila frá 10. til 26. apríl 2020. Sóknaraðili greiddi leigugjaldið að fullu við bókunina, alls 105.366 krónur. Sóknaraðili tilkynnti varnaraðila þann 5. apríl 2020 að sóknaraðili gæti ekki nýtt sér umsamda þjónustu vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Svar barst frá varnaraðila degi síðar þar sem staðfest var móttaka afþöntunar sóknaraðila. Var sóknaraðila boðin full endurgreiðsla leigugjalds eða inneign til notkunar síðar hjá varnaraðila. Óskaði sóknaraðili eftir endurgreiðslu leigugjalds þann 7. apríl 2020. Sama dag barst svar frá varnaraðila þar sem staðfest var að hann myndi endurgreiða sóknaraðila að fullu. Endurgreiðsla hefur enn ekki borist frá varnaraðila þrátt fyrir að sóknaraðili hafi ítrekað beiðni sína í tvígang.

IV

Niðurstaða

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu um leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila og greiddi sóknaraðili leigugjaldið að fullu, alls 105.366 krónur við bókun. Fyrirhuguð leiga átti að vera frá 10. til 26. apríl 2020. Sóknaraðili afpantaði leiguna með tölvupósti þann 5. apríl 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá

nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Í bókunarstaðfestingu vegna leigunnar, er að finna ákvæði um endurgreiðslu leigugjaldsins vegna afþöntunar. Þar segir:

„Free cancellation (until 48 hours before pick up)“

Við bókun bifreiðarinnar voru sóknaraðila samkvæmt framangreindu veittar þær upplýsingar af hálfu varnaraðila að leigugjaldið yrði að fullu endurgreitt ef hætt yrði við leiguna þegar meira en 48 klukkustundir væru þar til leigutíminn átti að hefjast. Þar að auki staðfesti varnaraðili í tvígang með tölvupósti að sóknaraðili ætti rétt á fullri endurgreiðslu leigugjaldsins.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Framangreint ákvæði í skilmálum varnaraðila er skýrt og sett fram án nokkurs fyrirvara. Sóknaraðili afpantaði leiguna fimm dögum fyrir upphaf leigutíma og voru skilyrði til endurgreiðslu því uppfyllt samkvæmt skilmálunum. Þá liggur ekkert fyrir um ástæðu þess að varnaraðili taldi sér ekki fært að verða við kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu. Verður því að fallast á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu leigugjaldsins.

Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða dráttarvexti af kröfu hans. Í máli þessu hefur ekki verið samið um gjalddaga kröfu sóknaraðila og ber því að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannarlega krafði skuldara með réttu um greiðslu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Sóknaraðili gerði kröfu um endurgreiðslu með tölvubréfi þann 7. apríl 2020. Reiknast því dráttarvextir af kröfunni frá 7. maí 2020.

Krafa sóknaraðila um 75.000 króna greiðslu úr hendi varnaraðila vegna vinnu hans við mál þetta er ekki studd neinum gögnum. Er kærunefndinni því ekki unnt að fallast á hana.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, greiði sóknaraðila, X, 105.366 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 7. maí 2020 til greiðsludags.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson